



**LANDSSAMTÖK  
SKÓGAREIGENDA**

---

**Skýrsla vegna átaksverkefna skógarbænda í úrvinnslu og  
markaðsmálum skógræktar**



Nóvember 2020

---

## Efnisyfirlit

Skýrsla vegna átaksverkefna skógarbænda í úrvinnslu og markaðsmálum skógræktar .....	1
Efnisyfirlit .....	2
Inngangur .....	3
Formáli .....	3
Staðan í dag .....	3
Útlistun verkefna .....	3
Stjórnsýsla .....	4
Stjórn LSE .....	4
Innra starf .....	4
Félagastarfið .....	4
Skógargöngur .....	4
Aðalfundur LSE .....	4
Sérverkefni .....	4
Fagráðstefna skógaræktar .....	5
Framtíðarsýn/stefna LSE .....	5
Viðarmagnsúttekt á landsvísu .....	5
Íslenskt timbur: -Vöruhönnun -Viðargæði -Viskumiðlun.....	5
„Skógarfang“ .....	5
„Gæðafjalir“ .....	5
TreProX -fólkið á söginni .....	6
Jólatré .....	6
Kolefnisbrúin.....	6
Skogartolur.is .....	6
Markaðsmál .....	6
Útgáfa- Við skógareigendur .....	6
Upplýsingagjöf (skogarbondi.is).....	7
Annað .....	7
Námsekið og ráðstefnur .....	7
Bændasamtök Íslands (BÍ) .....	7
NFS Ráðmøte .....	7
Bókhald .....	7
Fjármál .....	8

# Inngangur

Skýrsla vegna framlaga úr ríkissjóði til Landssamtaka skógareigenda (LSE), sem ætluð eru til átaksverkefna skógarbænda í úrvinnslu og afurðarmálum. Markmið framlaganna er að auka áframvinnslu hráefnis, vöruþróun, vöruframboð og stuðla að aukinni arðsemi skógræktar.

## Formáli

Landssamtök skógareigenda (LSE) voru stofnuð í júní 1997. Síðan þá hefur skógarauðlindin dafnað og stækkað þrátt fyrir að framlög frá ríkinu til skógræktar á bújörðum hafi svo að segja staðið í stað um árabil og eigi enn þó nokkuð í land með að ná upp í framlög ársins 2007. Það er þó alltaf von um meiri skilning á mikilvægi skógræktar ef marka má fyrstu drög fjárlagaáætlunar fyrir árið 2021. Það er þó meira gert en gróðursetning núorðið. Elstu skógar bænda eru nú að fara skapa timbur. Timbur sem veitir bæði vinnu og býr til vermæti í sveitum landsins.

Forsíðumynd: „Sameinaðir stöndum við og sundraðir föllum við“ sagði Jón Sigurðsson, þjóðhetja okkar Íslendinga á öldum áður. Þetta eru orð sem endurspeglar einnig árið 2020. Bæði hvað varðar samheldni okkar í garð farsóttarinnar og við endurreisn Bændasamtakanna. Það er því vel við hæfi að skarta forsíðumynd af tveimur af elstu gróðursettu reitum Íslands sem staðsettir eru á Þingvöllum. Myndina tók undirritaður sumarið 2020 með leyfi þjóðgarðsvarðar.


## Staðan í dag

Covid19 farsóttin hefur gert árið 2020 afar einkennilegt ár. Erfitt var að halda aðalfundi aðildarfélaganna og aðalfundi LSE var hreinlega aflýst fram yfir Covid. Bág staða Bændasamtaka Íslands hefur ekki heldur hjálpað við ákvarðanatökur þetta árið en mikið er undir að vel gangi að endurreista þau. Hótel Saga fór í greiðslustöðvun og starfseminni hætt. Það var þó ýmislegt jákvætt sem gerðist á árinu. Kolefnisbrúin er verkefni sem hleypir vonarneista inn í bændasamfélagið og meðal annarra landeigenda.

## Útlistun verkefna

Yfirgrip þessarar skýrslu fer í að útlista þau verkefni sem stjórn LSE framkvæmdastjóri eru og hafa verið að vinna. Störfin eru fjölbreytt og skarast gjarnan. Hlutföll á starfi framkvæmdastjóra 2020 (það sem af er) sem sjá má á kökuriti hér til hliðar geta aldrei verið mjög nákvæm en það gefur þó ágæta hugmynd.

Kaflar þessarar skýrslu byggja á verkefnum LSE og má sjá hlutföll á kökuritinu hér til hliðar: Stjórnsýsla (30%), Sérverkefni (30%), Innra starf (15%), Markaðsmál (15%) og Annað (10%).



---

## Stjórnssýsla

Verkefni LSE eru fjölbreytt. Sum geta verið skjót í afgreiðslu á meðan önnur taka lengri tíma.

### Stjórn LSE

Á þessu starfsári (*frá nóv. 2019 - nóv. 2020*) hafa 14 stjórnarfundir LSE verið haldnir. Framan af ári var hægt að funda á hefðbundinn hátt með kaffi og kleinum en sökum Covid hafa flestir fundir ársins hafa verið tölvufundir. Einnig eru haldnir stjórnarfundir með formönnum aðildarfélaganna og samráðsfundir með Skógræktinni. Undirbúningur og eftirfylgni með afgreiðslu funda er oft drjúgur enda mikill akkur af fundum sem vel ganga og afundarmenn vel upplýstir um dagskrármál.

---

## Innra starf

Innra starf fellst einkum í starfi sem snýr beint að félögum og stjórnnum félaga LSE.

### Félagastarfið

Mikilvægt er fyrir forystu LSE vera í góðum tengslum við grasrótina sína. Framkvæmdastjóri mætti á fjóra aðalfundi af fimm.

Tveir aðalfundir aðildarfélaganna fóru fram á vordögum. Sökum covid19 áttu aðrar stjórnir félaganna ekki kost á öðru en að fresta sínum fundum. Sunnlendingar (FsS) voru fyrstir til að halda fund og var hann haldinn á Reykjum við Hveragerði og var skipt um alla fulltrúa í stjórn. Vestfirðingar (FsVfj.) héldu sinn fund á Svanshóli í Bjarnarfirði og voru þar einnig mannskípti á fulltrúum í stjórn. Norðlendingar (FsN) frestuðu sínum fundi til hausts og var vel passað upp á sóttvarnir á fundinum, sem haldinn var á Þórisstöðum í Svalbarðshreppi. Vestlendingar (FsV) héldu sinn fund á hóteli Hamri, við Borgarnes og voru þar mannskípti á einni stöðu í aðalstjórn. Lestina ráku Austlendingar (FsA) þar sem skipt var í tveimur stöðum. Framkvæmdastjóri mætti á fyrstu fjóra fundina og var kominn austur á boðuðum fundartíma þess síðasta, en honum var frestað með skömmum fyrirvara. Á öllum fundum var a.m.k. einn fulltrúi úr stjórn LSE.

### Skógargöngur

Skógræktin hélt skógargöngur um allt land með skógarbændum.

Snemmsumar bauð Skógræktin upp á skógargöngur í samstarfi við aðildarfélög hvers landshluta. Nokkrir tugir skógarbænda mættu í allar göngurnar fimm og var dagskráin vel skipulögð. Sunnlendingar buðu í fyrstu gönguna á Jónsmessu haldin á Nýpum í Ölfusi. Næst voru Vestlendingar á Ferstiklu í Hvalfirði. Þá voru Norðlendingar í Hofi í Vatnsdal. Síðan var ganga hjá félagi Vestfjarða á Svanshóli í bjarnarfirði og loks voru Austlendingar með sína göngu á Mýrum í Skriðdal.

### Aðalfundur LSE

Aðalfundur LSE var á dagskrá í október á hóteli Hamri við Borgarnes, en honum var frestað.

Erfiðar aðstæður fyrir fjöldasamkomur voru á árinu. Ákveðið var að boða ekki til fundar LSE fyrr en fyrirséð væri um að Covid-faraldurinn væri yfirstaðinn. Þangað til verður skýrsla stjórnar og ársreikningar til skoðunar á heimasíðu LSE. Önnur venjuleg aðalfundarstörf munu bíða. Ef áform ganga eftir má vænta að aðalfundur LSE 2020 verði á vordögum 2021 og aðalfundur LSE 2021 verði á haustdögum 2021 (með hefðbundnu sniði). Reikna má því með auknum fjárútlátum næsta ár.

---

## Sérverkefni

Aðkoma framkvæmdastjóra og stjórnar af sérverkefnum er mismikil og misjöfn.

## Fagráðstefna skógaræktar

Fagráðstefna skógræktar átti að vera á hótél Geysi í Haukadal í október en var aflýst.

Covid-faraldurinn gerði það að verkum að árlegri ráðstefnu skógræktar var aflýst. Ætlunin er að halda fagráðstefnuna 2021 með sama sniði og áður var ætlað, á Hótél Geysi í október.

## Framtíðarsýn/stefna LSE

Ætlunin var að endurskoða stefnu LSE á árinu. Því var frestað vegna mögulegar gjörbreyttrar stöðu BÍ.

Búið var að stilla upp nefnd til að leggja drög að vinnu að endurskoðaða stefnu LSE. Ætlunin var að setja upp sviðsmyndir fyrir samtökin sem félagsmenn gætu metið á aðalfundi. Ákveðið var að vinna ekki frekar í málinu vegna óvissu BÍ.

## Viðarmagnsúttekt á landsvísu

Samvinnuverkefni Skógræktarinnar, Svarma ehf. og LSE lauk eftir að gefin var út lokaskýrsla 15.maí 2020 að nafni „Samanburður hefðbundinnar aðgerða og LiDAR fyrir umhirðu og viðarmagnsáætlun“

Verkefnið gekk út á að mæla lerkiskóg með hefðbundnum mæliaðferðum og LiDAR scanna með dróna. Rannsóknin fór fram og er henni lokið. Niðurstöður voru í stuttu máli þær að LiDAR aðferðin virkar ágætlega á eldri skóga sem vel er við haldið en kostnaður við þá aðferð getur verið verulegur. Ætlunin var að gefa út myndband um svipað leiti og skýrsluskrifum lauk. Í stuttu máli tókst ekki að gefa það út þá en von er á myndabandinu núna í nóvember. Verkefnið fékk fjárstuðning UAR í verkefnið 2018 að upphæð 1.5 milljón og hefur 75% þegar fengist greitt (Ríkistjóður Íslands, 16.ágúst 2018 upphæð 1.250.000kr). LSE hefur lagt heildar styrkupphæð (1,5 milljón) til verkefnisins en Skógræktin sá um fjármálin.

## Íslenskt timbur: -Vöruhönnun -Viðargæði -Viskumiðlun

Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti að veita LSE 1,5 milljón í styrk samanlagt fyrir þrjú verkefni : -Vöruhönnun -Viðargæði - Viskumiðlun. Styrkur var samþykktur 2019 og fékkst loka inngreiðsla í ár.

Hluta vöruhönnunar lauk 2019. Hluta viðargæða og viskumiðlunar lauk í ár og undir verkefnum „Skógarfangs“ og „Gæðafjalir“. Styrkur hefur fengist að fullu greiddur.

## „Skógarfang“

Teymi, sem fékk nafnið „Skógarfang“, vinnur að uppbyggingu markaðs- og afurðamála undir forystu LSE. Teymið var sett á laggimar í 2017 og skilaði af sér veglegri lokaskýrslu á árinu.

Í teyminu eru þrír fulltrúar frá LSE og fjórir fulltrúar frá Skógræktinni. Þrír fundir hafa verið haldnir á árinu og þar af tveir tölvufundir. Í nóvember kom út skýrsla teymisins og verður hún kynnt í kjölfarið. Ætlunin er að halda einn tölvufund í viðbót fyrir kynningarmál og eftirfylgni á skýrslunni.

## „Gæðafjalir“

Í október var gefin út handbók um viðskiptaflokkun á timbri.

Í desember 2019 fór þriggja manna hópur til Stokkhólms á fund fulltrúa Svensk Tra. Í hópnum var Eiríkur Þorsteinsson, hjá Trétækniráðgjöf slf., Guðrún Þórðardóttir hjá LBHI og undirritaður fyrir LSE. Þar var farið yfir staðla og formsatrið við útgáfu þeirra. Aðal atriði teymisins var að fá leyfi hjá Svensk Tra til að nota staðlana, þýða og útfæra yfir á íslenskar aðstæður. Leyfið fékkst og er nú íslenska handbókin komin út undir heitinu „Gæðafjalir- Viðskiptaflokkun á timbri úr barrtrjám“.

## TreProX -fólkið á söginni

TreProX er stórt Erasmus verkefni sem aðallega er á herðum LBHI og Skógræktarinnar. Aðkoma LSE er aðallega tenging við skógarbændur þar sem hluti verkefnisins er kenna handtök við sögun á timbri

Skógarvinnsla er að færast í aukana um þessar mundir. Kennsla fyrir fólk sem sagar timbur í stórviðarsögum er fyrirhuguð á árinu 2021 en ætlunin var að hefja námskeiðið nú í haust en vegna Covid var því frestað. Einn tölvufundur með íslensku þátttakendum hefur verið haldinn. Þeir sem munu sækja námskeiðið eru nemendur frá Svíþjóð, Danmörku og Íslandi. Íslensku þátttakendurnir eru í röðum Skógræktarinnar, skógarbænda, skógræktarféлага og LBHI. Ef frekari tafir verða ekki má ætla að námskeiðum ljúki 2022.

## Jólatré

LSE hefur allar götur lagt áherslu á markaðssetningu og ræktun jólatrjáa.

Ár eftir ár er ætlunin að upphefja jólatrjámarkað skógarbænda. Nokkrir skógarbændur sinna markaðnum heimafyrir en enn má bæta í. Þegar þetta er skrifað stendur til að vinna með björgunarsveitum að einhverju tagi en engin ákvörðun liggur fyrir.

## Kolefnisbrúin

Mikil vinna hefur farið í verkefnið Kolefnisbrúin, enda mikil undir í loftslagsmálum. Kolefnisbrúin hefur verið í þróun í um tvö ár hjá LSE og vor var ráðinn verkefnisstjóri yfir henni. Áhugi og jafnvel þrýstingur er á um að koma verkefnum Brúarinnar af stað bæði frá bændum sem og fyrirtækjum, héraendis sem erlendis.

Kolefnisbrúin er verkefni í umsjón LSE. Það er unnið í samvinnu við Skógræktina og Bændasamtök Íslands. Markmið Kolefnisbrúarinnar á samhljóm með hringrás lífsins þar sem ætlunin er að vinna að vanda loftslagsins. Aðferðin er að landeigendur búi til viðurkenndar kolefniseiningar fyrir áhugasama og/eða þurfandi fjárfesta. Fjármögnunin fer fram með kaupum og sölu á kolefniseiningum. Í fyrstu verður horft til skógræktar til kolefnisbindingar þar sem annars vegar er það ein viðurkenndasta leið kolefnisbindingar á heimsvíðu og hins vegar verður afurðin, timbur, nýtt vel til vistvænni framkvæmda.

Styrkur frá Framleiðnisjóði gerði LSE kleift að ráða starfsmann fyrir verkefnið og nú er búið að ganga frá samningi við Garðyrkjubændur.

## Skogartolur.is

Töluleg gögn úr skógum landsins eru aðallega í formi gróðursettra plantna. Þegar fram líða stundir er betra að öllum lykiltölum skógargeirans sé haldið til haga á einum og sama staðnum, aðgengilega og læsilegar.

Tollamál eru mikið til umræðu hjá BÍ þessi dægrin. Hingað til hefur lítið farið fyrir misræmi á innfluttu timbri hjá Hagstofu Íslands en ekki er alltaf vitað með afurðir úr íslenskum skógum. LSE, Skógræktin og Skógræktarfélag Íslands hafa sammælt um að brýn þörf sé eftir miðlægum gögnum úr skógunum. Bæði Skógræktin og Skógræktarfélag Íslands hafa verið dugleg að safna þessum gögnum til þessa en alltaf reynist það sami eltingaleikurinn að afla þeirra. Allir vilja að tölurnar séu á tæru en enginn vill í raun safna þeim. Þetta er því einskonar olnbogabarn skógargeirans. Mikilvægið verður æ meira þegar fram líða stundir og er ætlunin að halda þessari vinnu áfram og leita styrkja í verkefnið.

---

## Markaðsmál

Markaðsmál ganga út á upplýsingagjöf fyrir féлага og aðra áhugasama. Það getur t.d. verið í formi útgáfu, fyrirlestra og samræðu við fjölmiðla.

## Útgáfa- Við skógareigendur

Bændablaðið hefur ötullega stutt við bakið á skógareigendum og birt að minnsta kosti 20 skógargreinar yfir árið í ár (2020) þegar þetta er skrifað og eru a.m.k. 4 greinar í vinnslu,



óbirtar. Leiða má líkur á því að í útgáfu fréttablaðs LSE „Við skógareigendur 2020“ verði þessar greinar auk annarra greina gefin út í lok árs eða byrjun þess næsta.

Sama fyrirkomulag var uppi á teningnum í fyrra þegar greinasafn birtra greina úr Bændablaðinu á árinu 2019 kom út undir nafninu „Við skógareigendur 2019“. Blaðið var prentað í 1000 eintökum og sent heim á alla félagsmenn LSE. Einnig var ætlunin að koma blöðunum út á fundum og ráðstefnum en vegna covid hefur lítið farið fyrir þeim. Því er töluverður stafli enn í kössum.

## Upplýsingagjöf (skogarbondi.is)

Upplýsingagjöf til skógarbænda, sem og annarra áhugsama skógræktenda, er brýn í nútímaþjóðfélagi og stundum erfitt að koma fréttum og fróðleik á framfæri.

Alltaf er þörf á aukinni upplýsingagjöf, fréttum og fróðleik. Skogarbondi.is er virk heimasíða sem er aðallega ætluð fyrir félagsmenn LSE en efnið er aðgengilegt öllum áhugasömum. Þar eru birtar fundargerðir, fréttir og fleira skemmtilegt. Þær greinar sem fá birtingu í Bændablaðinu eru einnig birtar á skogarbondi.is. Einnig heldur LSE út virkri Facebook, sem og aðildarfélaganna fimm. LSE auglýsir einnig starfsemi sína í öðrum fjölmiðlum þegar svo ber undir.

---

## Annað

Fjöldmörg mál koma á borð stjórnar og framkvæmdastjóra svo sem samtöl, ráðgjöf og bókhald til að nefna brot. Hér verður farin létt yfirferð á þeim helstu.

## Námsekið og ráðstefnur

Á covid tímum voru ráðstefnur meira og minna yfir tölvuskjáinn.

Nokkrar minni ráðstefnur og fyrirlestar voru sóttar. Þær gæru verið faglegar, pólitískar og félaglegar. Engin var þó það stór að vert er að minnast sérstaklega á.

## Bændasamtök Íslands (BÍ)

Illa hefur gengið að reka BÍ undanfarið. Á bændaþingi var skipt út allri stjórn samtakanna og á sú nýja mörg erfið mál við að glíma.

Félagskerfi BÍ stendur höllum fæti. Ætlunin er að koma upp samheldu kerfi og sameina öll aðildarfélög samtakanna undir einn hatt. Það myndi líkast til hafa mikil áhrif á störf LSE. Kerfið er ekki fullmótað og engar ákvarðarnir hafa enn verið teknar, hvorki af hálfu BÍ né LSE.

## NFS Ráðmøte

LSE var boðið að senda áheyrnafulltrúa á Norrænan Skógarbænda-Fund (NSF, Nordic Family Forestry) í september.

Framkvæmdastjóra LSE var boðið á fund í Fiskars í Finnlandi. Vegna covid varð fundurinn með breyttu sniði. Úr varð tveggja klukkustunda Teams-fundur þar sem mest var talað um offarir í ýmiskonar náttúruvernd en einnig var farið yfir lög og reglur varðandi eignahald jarða, skaðvalda, loftslagsmál og hið klassíska, LULUCF. Framkvæmdastjóri LSE kynnti verkefnið „Kolefnisbrúin“ á fundinum.

## Bókhald

Bókhald er fært inn af framkvæmdastjóra og er unnið í samráði við bókara LSE og gjaldkera samtakanna.

Bókhaldsþjónusta Bændasamtakanna sér um bókhald LSE. Ómetanlegt er að eiga greiðan aðgang að þjónustunni þar sem hún er á sama gangi og skrifstofa LSE. Reglulega er gefið stöðuyfirlit og hefur vel gengið að halda bókhaldi stöðugu á árinu. Má ætla að covid faraldurinn hafi haft töluverð áhrif á fjárhag LSE. Í meðfylgjandi töflu frá bókhaldsþjónustu Bændasamtakanna má bera saman rekstrarliði við stöðu þessa árs við það síðasta, ásamt áætlun.

## Fjármál

Greiðslur úr rammisamningi til LSE hafa gert það að verkum að starf samtakana hefur eflst til muna. Skógarbændur njóta helst góðs af því þó vissuleg sé skógrækt þjóðarhagur. Hér er yfirlit stöðu LSE það sem af er ári, áætlun 2020 til samanburðar og loks tillaga að áætlun fyrir 2021 en þar sem aðalfundi 2020 var frestað hefur áætlunin ekki fengist samþykkt.

<b>Landssamtök skógareigenda</b>			
<b>Rekstraryfirlit janúar - október 2019, áætlun 2020 og ósamþykkt fjárhagsáætlun 2021</b>			
<u>Rekstrartekjur:</u>	<u>Jan-okt 2020</u>	<u>Áætlun 2020</u>	<u>Áætlun 2021</u>
Félagsgjöld.....	273,000	2,500,000	2,500,000
Aðrar tekjur, Fram.l.sj. Styrkir.....	5,500,000	1,175,000	0
Auglýsingatekjur.....	765,000	0	500,000
Vaxtatekjur - vaxtagjöld.....	-12,741	50,000	50,000
Verkefnasamningur við ríkið.....	12,880,000	15,000,000	14,000,000
Tekjur alls	19,405,259	18,725,000	17,050,000
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Kostnaður vegna aðalfundar.....	0	1,000,000	1,200,000
Funda og viðskiptakostnaður.....	157,350	400,000	400,000
Auglýsingar.....	195,484	250,000	500,000
Ferðakostnaður.....	1,290,866	1,000,000	500,000
Stjórnar- og fundarkostnaður.....	1,283,400	2,000,000	1,500,000
Þóknun til stjórnarmanna.....	837,969	1,000,000	750,000
Ráðstefnur og námskeið.....	0	500,000	500,000
Sérfræðiþjónusta.....	3,301,162	600,000	600,000
Fréttabréf og önnur útgáfa.....	538,517	0	500,000
Rekstur tölvukerfa.....	0	180,000	100,000
Laun og launatengd.....	7,416,925	9,500,000	9,500,000
Rekstur skrifstofu.....	0	70,000	0
Húsaleiga.....	625,613	700,000	700,000
Sími, burðargjöld, áskriftargjöld.....	54,972	100,000	100,000
Pappír,prentun,ritföng.....	36,078	60,000	50,000
Heimasíða.....	94,614	100,000	100,000
Ný verkefni, úrvinnsla, styrkir.....	516,550	1,175,000	0
Þjónustugj- og bankakostnaður.....	4,923	50,000	50,000
Gjöld alls	16,354,423	18,685,000	17,050,000
<b>Rekstrarniðurstaða tímabilsins</b>			
	<b>3,050,836</b>	<b>40,000</b>	<b>0</b>

Með kærri þökk fyrir veittan stuðning  
Hlynur Gauti Sigurðsson  
framkvæmdastjóri LSE  
hlynur@skogarbondi.is